



Verkamannafélagið DAGSBRÚN

LINDARGÖTU 9 · 121 REYKJAVÍK · SÍMI 25633 · PÓSTHÓLF 792

Allsherjarnefnd
Alþingis

Reykjavík 07.10.1993.

Eins og yður er kunnugt voru samþykkt skaðabótalög nr.50, 1993, á síðasta þingi.

Fimm hæstaréttarlögmenn hafa haft uppi mótmæli varðandi reiknigrundvöll bóta samkvæmt lögnum.

Í lögum þessum felst að mati hæstaréttarlögmanna veruleg skerðing á bótagreiðslum tryggingarfélagana til tjónþola. Þannig að bótaréttur er verulega skertur. Jafnframt höfum við fengið útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, þar sem hann tekur sjö dæmi sem í öllum tilfellum sýna skerðingu allt að einum þriðja af bótum.

Okkur hrýs hugur við að Alþingi skuli samþykkja slík lög, þar sem tryggingafélögum er verulega hyglað en réttur tjónþola, t.d. í vinnuslysum og fleiru, verulega skertur.

Við viljum skora á háttvirt Alþingi að taka þetta mál upp og breyta lögnum þannig að tjónþolum verði bætt raunverulegt tjón.

Með virðingu

f.h. stjórnar Dagsbrúnar


Guðmundur J. Guðmundsson


Hjálfríður Þórðardóttir